

Breytingartillaga vegna texta í áfangaskjali¹

með skýringum

frá Katrínu Oddsdóttur

Lagt fram á 14. fundi Stjórnlagaráðs, 24.6.2011

Lýðræðisleg þátttaka almennings

Að þröskuldur þjóðaratkvæðagreiðslu verði lækkaður úr 15% í 10% í samræmi við fyrri tillögur nefnarinnar

Breytingartillaga	Ákvæði eftir breytingu ²	Ákvæði í áfangaskjali frá 12. ráðsfundi
Breytingartillaga þessi lýtur að öllum þeim stöðum þar sem tölunni 10% hefur verið skipt út fyrir 15% í tillögum c-nefndar.		

Skýring:

Sú aukning sem nefndin leggur til varðandi hækkun þröskuldar um hlutfall kjósenda sem þarf til að knýja fram þjóðaratkvæðagreiðslur hefur andlýðræðisleg áhrif og takmarkar annars göfugan ásetning og góðar tillögur nefndarinnar með þeim afleiðingum að líkur aukast á að mismunun milli fjársterkra hagsmunasamtaka og stjórnsmálaflokka annars vegar og almennum borgurum hins vegar.

Erindi hafa borist Stjórnlagaráði sem studd hafa verið heimildum og rökum sem ekki er hægt að líta fram hjá hvað þessi mál varðar. Bendi ég hér sérstaklega á erindi Hjartar Hjartarsonar og Lýðræðisfélagsins Öldu.

Þetta 50% stökk er gríðarlegt og hækkar kröfu úr tæpum 23 þúsund í rúmlega 34 þúsund lögsmætar undirskriftir sem er óþarflega hátt og ekki til þess fallið að úrræðið nýtist almenningi.

Ég vísa til [erindis](#) Hjartar sem var skráð á vef ráðsins 15. maí 2011,

„Í fjölþjóðlegu yfirlitsriti um lýðræðismál, Direct Democracy. The International IDEA Handbook, segir, að í löndum þar sem gerðar séu kröfur um undirskriftir fleiri en 15% kjósenda, séu þjóðaratkvæðagreiðslur nánast óþekktar – orðin tóm. Jafnframt segir, að

¹ Vinnu við áfangaskjalið lýkur ekki fyrir en drög að frumvarpi liggja fyrir. Allar greinar þess geta því tekið breytingum, einnig samþykktar tillögur.

² Grænt letur og undirstrikað gefur til kynna breytingu eða viðbót miðað við fyrirbyggjandi texta.

strangar kröfur um fjölda undirskrifa séu til þess fallnar að hygla rótgrónum stjórnmalaflokkum og öflugum sérhagsmunasamtökum.³

Sjálfur bendir Hjörtur á í athugasemd á facebook-síðu Stjórnlagaráðs að breytingin um að hækka lágmarkshlutfall sé slæm og lýðræðislegra væri að setja skýrar reglur um söfnun undirskrifa og/eða krefjast lágmarkspáttöku í atkvæðagreiðslum, t.d. 20%.

³ In countries with signature thresholds of more than 15 per cent of registered electors, almost no initiatives will qualify to go forward to a vote. In particular, high signature thresholds will provide preferential access to initiative rights for very strong political organizations (parties and large interest groups) and transform initiative rights into instruments of power for larger groups or organizations." Sjá Direct Democracy. The International IDEA Handbook. International Institute for Democracy and Electoral Assistance. Stokkhólmi 2008, bls. 70. [Handbókina má sækja á eftirfarandi vefslóð: http://www.idea.int/publications/direct_democracy/index.cfm].